

REGLUGERÐ

um bann við notkun á efnum sem innihalda kvikasilfurssambönd, arsenefnasambönd og lífræn efnasambönd tins (tríbútýltin).

1. gr.

Skilgreining.

Reglugerð þessi nær yfir málningu og aðra efnavöru sem ætluð er til að hindra gróður og aðrar lífverur á ýmsum mannvirkjum undir vatni eða sjó svo sem botni skips, flotkvímum, veiðarfærum, gildrum, netum og öðrum hlutum.

Með lífrænum efnasamböndum tins er í reglugerð þessari átt við efnasambönd þar sem tin er bundið alkýl- eða akrýlefnahópum.

2. gr.

Bann og undanþágur.

Bannað er að nota efni sem innihalda kvikasilfurssambönd, arsensambönd og lífræn efnasambönd tins á báta- og skipskrokka, búr, flothylki, net og annað sem notað er og tengist hverskonar fiskveiðum og skelfiskarækt, svo og sérhvert það tæki og hlut sem er alveg eða að hluta til undir vatni.

Undanþegin þessu banni er þó notkun lífrænna efnasambanda tins á skip sem eru lengri en 25 metrar að mestu (samkvæmt ISO staðli 8666). Slíkar blöndur má einungis selja í umbúðum sem eru 20 lítrar eða stærri og aðeins til skipaviðgerðastöðva og dráttarbrauta en ekki til almennings. Umhverfisráðherra getur að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins ákveðið að bann samkvæmt 1. mgr. skuli einnig gilda fyrir báta og skip lengri en 25 metrar, enda séu þeir bátar og skip einkum í strandsiglingum.

Merkja skal umbúðir með skýru og óafmáanlegu letri, samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Í merkingu skal koma fram tilvitnun í framangreinda reglugerð. Einnig skal eftirfarandi texti koma fram á umbúðunum. „Má aðeins nota á skip og báta lengri en 25 metra. Notist einungis í slipp“.

3. gr.

Eftirlit.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar hvað lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar varðar.

Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuvermdar ríkisins hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar hvað lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni varðar.

4. gr.

Viðurlög.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Fyrir brot gegn reglugerð þessari skal fara samkvæmt 31. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar eða samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á hverju sinni.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum og með hliðsjón af 23. gr. í II. viðauka við EES samninginn, tilskipun 89/677/EBE, þ.e.a.s. áttundu breytingu á tilskipun 76/769/EBE, öðlast gildi 1. október 1994 til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 33/1990 um bann við notkun á gróðurhryndnum efnum sem innihalda lífræn efnasambönd tins.

Umhverfissráðuneytið, 20. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi.

1. gr.

Leikskólinn er sjálfseignarstofnun með aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru M. Helga Óskarsdóttir, Snorri Traustason og Lárus Christensen.

3. gr.

Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla og notar skólustefnu Waldorffupplæðisstefnunnar til að ná fram markmiðum leikskólalaganna með áherslu á listir, sköpun og æskuna.

4. gr.

Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

5. gr.

Stofnframlag er kr. 441 000 og er það í vörslu stjórnar og má ekki skerða.

6. gr.

Stjórn leikskólans er skipuð fjórum mönnum, þremur mönnum sem í byrjun eru stofnendur skólans og einum manni kjörnum af foreldrum sem eiga börn í leikskólanum. Stjórn leikskólans er valin í lok hvers leikskólaárs. Fastir kennarar leikskólans velja þrjá menn og foreldrar sem eiga börn í skólanum einn mann. Stjórn skólans skal sjá um að skólinn sé rekinn í samræmi við lög um leikskóla.

7. gr.

Fastráðnir kennarar velja einn úr sínum hópi, með fullnægjandi menntun, til að gegna stöðu leikskólastjóra og velja einnig kennara leikskólans og annað starfsfólk hans.